

## **Umsögn**

Maí 2004

Umhverfisstofnun  
Reykjavík

### **Álit ráðgjafanefndarinnar varðandi umsókn til markaðssetningar og notkunar á erfðabreyttum maís á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).**

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur fjallaði á fundi sínum þann 11. maí s.l. um umsókn frá Monsanto Company, Notification C/GB/02/M3/03, til markaðssetningar og notkunar á erfðabreyttum maís, NK603 x MON 810, samkv. C-hluta tilskipunar Evrópusambandsins nr 2001/18

Hinn erfðabreytta maísplanta myndar eitur gegn fiðrildalirfum af ættkvíslinni *Lepiophthera* og er þolinn gagnvart illgresiseyðinum Roundup (glyfosat). Maísinn sem hefur báða þessa eiginleika er blendingur tveggja erfðabreyttra maíslína og nefnist NK603 x MON 810, þolið gagnvart illgresiseyðinum er komið frá NK603 línunni, en skordýrapolið frá MON810 línunni. MON810 framleiðir Bt-skordýraeitur, sem virkar gegn algengum skaðvöldum á maísplöntunni, en NK603 framleiðir ensímið EPSPS, sem komið er frá stofni af jarðvegsbakteríu, *Agrobacterium* sp. CP4, og hefur í för með sér að plantan verður þolin gegn illgresiseyðum sem innihalda glyfosat.

Umsóknin, sem er send til breskra yfirvalda, tekur yfir innflutning á erfðabreyttum maís til sömu nota og annar maís, þ.e. sem dýrafóður, hráefni til iðnaðarnota, sem og innflutning á unnum matvælum/fóðurvörum, sem unnin eru úr maís sem ræktaður er af NK603 X MON810. Umsóknin tekur ekki til ræktunar í Evrópusambandinu eða á Evrópska efnahagssvæðinu.

Gerð er nákvæm grein fyrir hinu innskeytta erfðaefni. Foreldralínur blendingans eru þekktar, gefið var leyfi til markaðssetningar og ræktunar á línu MON810 í Evrópu árið 1998 (C/F/95/12-02) og lögð hefur verið fram umsókn um línu NK603 á Spáni (C/ES/00/01). Hvorug foreldralínan inniheldur erfðavísa sem skrá fyrir ónæmi fyrir sýklalyfjum.

Bresk yfirvöld álykta sem svo, að niðurstöður úr tilraunum með rottur og hænsni sem lagðar eru fram, sýni fram á að hinn erfðabreytti maís sé í engu frábrugðinn hefðbundnum maís sem fóður, og hafi hvorki hættu í för með sér fyrir búpening né neytendur. Vegna þess að maís vex eingöngu við ræktun í Evrópu og lítið sé um skyldar villtar plöntur í Evrópu stafi umhverfinu ekki hætta af blendingnum. Uppfylla

þurfi kröfur um rekjanleika og merkingar sem settar eru fram í reglugerð Evrópubandalagsins nr. 1829/2003.

Bresk yfirvöld mæla með því að leyfi verði veitt með þeim skilyrðum að

1. 30 dögum áður en markaðssetning fer fram skuli leyfishafi leggja fram nákvæma áæltun um eftirlit, þar sem m.a. komi nákvæmlega fram hverjir sýsla með vöruna, hvaða upplýsinga mun verða krafist og hversu oft, einnig leggi fyrirtækið fram árlega frá þeim degi sem markaðssetning hefst nákvæma skýrslu um eftirlitið
2. aðferðin við að greina erfðabreytinguna verði gefin út
3. fræ verði látin í té til "Joint Research Centre" ef beðið verði um
4. leyfið gildi í 10 ár

Vegna lítilla möguleika á dreifingu maísplöntunnar hér á landi með frjókornum eða fræjum er áhætta fyrir íslenskt gróðurriki eða aðrar lífverur lítil sem engin, og ekki ástæða til þess að gera athugasemdir við markaðssetningu á maíslínunni MON810 X NK 601 hér á landi.

Ráðgjafanefndin bendir á að mikilvægi þess að standa að eftirliti og merkingum eins og ráð er gert fyrir í afgreiðslu leyfa til markaðssetningar á vörum sem innihalda erfðabreyttar lífverur ef/þegar kemur til markaðssetningar þeirra hér á landi.

F.h. ráðgjafanefndarinnar

Eva Benediktsdóttir, formaður